

Nú líður að stofnfundi **MýSköpunar**, sem er félag sem komið hefur verið á laggirnar að frumkvæði sveitarstjórnar Skútustaðahrepps. Fulltrúar frá sveitarfélaginu, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Háskólanum á Akureyri og Mátis hafa unnið að undirbúningi MýSköpunar. Kynningarfundur var haldinn í júní s.l. hann var vel sóttur og þar voru líflegar umræður.

Stofnfundur verður haldinn í Reykjahlíðarskóla, 12. september n.k. kl.16.

Markmið MýSköpunar er að stuðla að nýtingu afgangsvarma og rannsaka leiðir til að nýta auðlindir okkar án þess að valda spjöllum á náttúrunni. Allt í kring um okkur eru tækifæri, sum leynast í því sem við sjáum ekki með berum augum t.d. örverum og þörungum. Einnig er möguleg tínsla og nýting jurta, berja, grasa og fræja fyrir utan fjölmarga ræktunarmöguleika. Vinna og kynningar í þörungarækt eru lengst komnar og hafinn er undirbúningur að stofnun þörungabús. Fleira er til skoðunar og margar frumlegar og spennandi hugmyndir eru ræddar.

Fyrsta verkefni MýSköpunar á sviði þörungaræktunar er að ganga frá ítarlegri starfs-, rannsóknar-, viðskipta- og rekstraráætlun sem byggir á sex megin stöðum:

1. Ræktun smáþörungna
2. Skimun eftir þörungum í Mývatni til ræktunar
3. Framleiðslu á skilgreindum íblöndunarefnum
4. Framleiðslu á neytendavörum.
5. Þjónustu vegna rannsókna og sérfræðivinnu.
6. Fræðslu og kynningu fyrir ferðamenn

Þórhallur Geir Arngrímsson verkfræðingur hefur verið ráðinn til félagsins og mun hann hefja störf í lok október.

Eftirfarandi aðilar hafa staðfest áform sín um þátttöku í félaginu: Skútustaðahreppur, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Háskólinn á Akureyri, Landsvirkjun, landeigendafélag Reykjahlíðar, landeigendafélag Voga og Orkuveita Húsavíkur. Fleiri hafa lýst áhuga á þátttöku og vænst er góðrar samvinnu við fyrirtæki og íbúa svæðisins og vonast eftir þátttöku þeirra.

Þeim sem hafa áhuga á að fá frekari upplýsingar eða vilja gerast stofnaðilar er bent á að hafa senda póst á dagbjort@myv.is

Þeir sem staðfesta þátttöku fyrir 31. ágúst n.k. eru stofnfélagar.

Menningarráð Eyþings auglýsir stofn- og rekstrarstyrki til menningarmála

(styrkir sem Alþingi veitti áður)

Menningarráð Eyþings auglýsir nú í fyrsta sinn eftir umsóknum um stofn- og rekstrarstyrki á grundvelli viðauka menningarsamnings mennta- og menningarmálaráðuneytis við Eyþing.

Tilgangur styrkjanna er að efla starfsemi á sviði lista, safna og menningararfs. Styrkirnir miðast við starfsemi árið 2012.

Úthlutunarreglur og umsóknareyðublöð er að finna á heimasíðu Menningarráðs Eyþings www.eything.is Umsóknir skulu sendar Menningarráði Eyþings, Strandgötu 29, 600 Akureyri og á netfangið menning@eything.is



Umsóknarfrestur er til og með 20. september 2012.

Nánari upplýsingar veitir Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir menningarfulltrúi, símar 464 9935 / 862 2277, netfang menning@eything.is

Skilati mi í Hlaupastelpu

Kæru lesendur og auglýsendur

Nú er Hlaupastelpan gefin út *á fimmtudögum* og því rennur skilafrestur auglýsinga út **á þriðjudögum**

kl. 15:00. 😊

ATH! Verð á auglýsingum

Verð hálfsiðu er kr.2700.-m.vsk
Verð heilsíðu er kr.3885.- m.vsk



Sveppafræðsla fyrir byrjendur Fossselsskógi

Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir leiðbeinir um matsveppi í Fossselsskógi, þriðjudagskvöldið 4. september, kl 18:00, fólk hafi með sér hnifa og ílát. Í lokin verða steiktir rjómalagaðar sveppir á pönnu og bornir fram á brauðsneiðum.

Fossselsskógur er sunnan við bæinn Vað, austan megin við Skjálfandafljót, á leið frá Kinn yfir í Aðaldal. Fólksbílaferi. Bílum lagt syðst í skóginum við áningarborð neðan Kvennabrekku.

Allir velkomnir

Skógræktarfélag Suður Þingeyinga

Frá Bókasafninu í Stórutjarnaskóla

Bókasafnið í Stórutjarnaskóla verður opið kl. 14 – 16 á þriðjudögum og kl. 20 – 22 á fimmtudagskvöldum. Fyrsti opunardagur verður þriðjudagurinn 4. sept. Hlakka til að sjá ykkur.

Kveðja.
Bókavörður.



Frá sundlaug Stórutjarnaskóla

Í vetur verður Sundlaug Stórutjarnaskóla opin sem hér segir:

Mánudagskvöld kl 19:30 – 21:30

Fimmtudagskvöld kl 19:30 – 21:30

Ath. breyttan opunartíma frá fyrri árum

Fyrsta opnun mánudagskvöldið 3. september

Minum einnig á líkamsræktaraðstöðuna í skólanum sem við hvetjum fólk til að nýta sér. Vinsamlegast hafið samband við Friðrik húsvörð til að finna heppilegan tíma.

**Aðgangseyrir í sundlaugina er kr 350-
frítt fyrir börn á grunnskólaaldri og yngri,
einnig er frítt fyrir 60 ára og eldri.
Frítt er í líkamsræktaraðstöðuna**

*Stórutjarnaskóli
heilsueflandi skóli*



Sundlaugin á Laugum - vetraropnun

Vetraropnun sundlaugarinnar hófs sunnudaginn 26. ágúst.

Opunartími í vetur:

Mánudaga – fimmtudaga frá kl. 7:30 til 9:30 og 17:00 til 21:30

Föstudaga frá kl. 7:30 til 9:30

Laugardaga frá kl. 15:00 til 18:00

Lokað á sunnudögum

Sundlaugavörður

Menningarþrenna í Laufási

Sunnudaginn 2. september kl. 14.00 verður síðasta menningarstundin í Laufáskirkju í sumar. Hún fjallar um Fjörður. Valgarður Egilsson hefur farið ófáar ferðirnar þangað með hópa, hefur skrifað bók um lífið í Fjörðum og þekkir þær þannig út og inn. Hann mun segja sögur úr Fjörðum. Þær Sigrún Magna Þórsteinsdóttir og Sigríður Hulda Arnardóttir flytja Fjarðartóna m.a. Fagurt er í Fjörðum og Næturljóð úr Fjörðum. Þetta er upplagt tækifæri til þess að kynnast betur þessari náttúruparadís í nágrenni Laufáss. Þá verður hægt að kaupa sér veitingar í Café Laufás fyrir eða eftir stund. Verið öll hjartanlega velkomin!



Sundlaug og grill kl. 11:00 - 22:00

Afgreiðslan opin til 24:00

Sundlaug - tjaldstæði – gisting

Veiðileyfi í Langavatn og Kringluvatn

Fjölbreyttar veitingar

sími 464 3903

www.heidarbaer.is

Seljum Veiðikortið og Útilegukortið

Síðsumarferð Félags eldri borgara í Þingeyjarsveit 2012



Ágætu félagar, nú er haustferðin í undirbúningi og stefnan verður tekin á Þeistareyki.

Fjallasýn sér okkur fyrir fararskjóta og við horfum til daganna 11. til 14. september, eftir veðursþá.

Í stórum dráttum er ferðaáætlun þannig að farið verður af Þjóðvegi á Hólasandi og ekið norður með Gæsafjöllum. Hugmyndin er að ná Gjástykki og Vítunum. Á Þeistareykjum höfum við viðdvöl, þar verður boðið upp veitingar að hætti ferðanefndar og Fjallasýnar. Kaffi höfum við með okkur hvert og eitt og meðlæti eftir þörfum, finnum okkur laut við læk eins og stendur einhversstaðar. Síðan ekið til Húsavíkur og hringnum lokað. Eins og í fyrri haustferðum okkar lögum við okkur að veðri og förum með litlum eða aðeins dags fyrirvara.

Þáttöku þarf að tilkynna fyrir 5. september til Agnars í síma 4643256.

Aðalbjörg verður með síma 898 0621 þessa daga líka, og hringt verður í þá sem hafa skráð sig þegar komin verður ákvörðun um daginn.

Ferðanefndin.

Gamli barnaskólinn Skógum í Fnjóskadal Kaffihúsið Uglan

31.ágúst kl. 14

TENGJA opnun ljósmyndasýningar *Hrefnu Harðardóttur*

1. og 2. september kl. 12 – 18 Sveitamarkaður

Uppskerumarkaður sveitarinnar - margvíslegt góðgæti, handverk o.fl.
Af því tilefni býður Uglan upp á árbít bæði laugardag og sunnudag frá kl.11

Ef annað er ekki tekið fram er opið sem hér segir til 9. september

Þriðjudaga til föstudaga frá kl.14 – 18

kaffi/te, kökur og brauð

laugardaga kl. 14 – 21

kaffi/te, kökur, brauð og kvöldverður

sunnudaga kl. 11 – 18

árbítur og kaffi/te kökur og brauð

Lokað mánudaga

Fylgist með okkur á Netinu

**Borða- og hópapantanir, skráningar á viðburði og
upplýsingar**

www.facebook.com/uglancafe og www.vanadis.is

sími 895 3319

Verið velkomin!

35.tbl.
30. ágúst
2012
19. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



DALAKOFINN

Þann 1.september er eitt ár liðið frá því við keyptum Útibú ehf sem á og rekur Dalakofann á Laugum.
Af því tilefni viljum við bjóða öllum uppá kaffi frá kl. 15 – 17 og munum taka í notkun nýjan hellulagðan pall austan og sunnan við Dalakofann.

Um kvöldið kl. 21 verður fyrsta Dalasvar haustsins, sem er spurningaleikur þar sem 2 til 4 eru í liði.

Nú er boltinn farinn að rúlla á ný og að venju sýnum við sem flesta leiki á breiðtjaldinu okkar.

Næstu leikir í beinni eru:

1. sept kl. 14:00	Swansea - Sunderland	Enska deildin
1. sept kl. 16:30	Man.City – QPR	Enska deildin
2. sept kl. 12:00	Liverpool – Arsenal	Enska deildin
2. sept kl. 15:00	Southampton – Man.Utd.	Enska deildin

Við þökkum þær góðu viðtökur sem við höfum fengið þetta fyrsta ár og reynum áfram að þjóna samfélaginu eins og okkur er kostur.

Haraldur Bóasson og fjölskylda
Dalakofinn / Útibú ehf.
s. 464-3344